



Til formanna stéttarféлага starfsmanna ríkisins

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 7. apríl 2022
Tilv.: FJR19020072/14.3

Efni: Launahækkun vegna hagvaxtarauka

Eins og kunnugt er komst forsendunefnd SA og ASÍ að þeirri niðurstöðu að hagvaxtarauki samkvæmt Lífskjarasamningnum komi til framkvæmda frá og með 1. apríl. Ákvörðunin grundvallast á þeirri niðurstöðu Hagstofu Íslands að hagvöxtur á hvern íbúa milli ára 2020 og 2021 sé 2,53%. Kauptaxtar munu hækka um 10.500 kr. og launauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu verður 7.875 kr.

Í samræmi við framangreint telur Samninganefnd ríkisins eðlilegt að laun ríkisstarfsmanna taki sambærilegum breytingum. Við útfærslu launahækkunar á grundvelli hagvaxtarauka verður horft til sömu aðferðafræði og við ákvörðun krónutöluhækkunar samkvæmt kjarasamningum fjármála- og efnahagsráðherra við stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Gert er ráð fyrir að þessar hækkunir komi til framkvæmda við útborgun launa 1. maí og nýjar launatöflur verða birtar innan tíðar á vef Fjársýslu ríkisins.

Fyrir hönd ráðherra

Jökull Heiðdal Úlfsson

Halldóra Friðjónsdóttir